

KJARASAMNINGUR

milli

Starfsgreinasambands Íslands (SGS)
og
Landssambands smábátaeigenda (LS)

1. gr. Grundvöllur samnings

Samningur þessi byggir á kjarasamningi sem undirritaður var 21. janúar 2016 af heildarsamtökum launafólks annars vegar og Samtökum atvinnulífsins hins vegar.

2. gr. Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við uppstokkun eða beitningu í landi annarra en þeirra sem eru hlutaráðnir, enda gilda þar ákvæði sjómannasamninga. Samningurinn gildir jafnframt fyrir starfsmenn sem starfa við netavinnu.

3. gr. Framlag í lífeyrissjóð

Framlag launagreiðenda hækki og verði eftirfarandi:

Frá 1. júlí 2016: 8,5%

Frá 1. júlí 2017: 10,0%

Frá 1. júlí 2018: 11,5%

4. gr. Launabreytingar

Í stað 8,0% launahækkunar 1. maí 2016 kemur launahækkun þann 1. janúar 2016 sem nemur 8,7%.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun

1. maí 2018: 3,1% almenn launahækkun.


5. gr. Afgreiðsla samningsins

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórna Starfsgreinasambands Íslands og Landssambands smábátaeigenda.

Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 31. mars 2016 skoðast hann samþykktur.


Reykjavík 17. mars 2016

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



Þorsteinn Þorsteinsson

F.h. Landssambands smábátaeigenda



Hallgrímur Ásgeirsson